

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. október 2014

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. 107. mál.

Samtök atvinnulífsins mótmæla harðlega áformum um að leggja á atvinnulífið enn einn sérstakan skatt á atvinnulíf og almenning. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lagt verði sérstakt jöfnunargjald á raforku í tveimur áföngum á næstu árum sem dreifiveitur greiða og er ætlað að gefa ríkissjóði samtals 913 m.kr. á árinu 2016. Um er að ræða nýjan skattstofn sem felur í sér aukna skattbyrði.

Standi vilji Alþingis til þess að ríkissjóður veiti áfram framlag til að jafna kostnað við dreifingu raforku ber að fjármagna þann kostnað á gegnsæjan hátt með almennum skatttekjum. Með því að ætla Orkustofnun að innheimta gjaldið hjá dreifiveitum er verið að auka enn eftirlit með starfsemi orkufyrirtækja sem stríðir gegn áformum stjórnvalda um einföldun regluverks.

Það álit Hagstofu Íslands að skatturinn hafi ekki áhrif á vísitölu neysluverðs er ekki sannfærandi. Jöfnunargjaldið eykur raforkukostnað í þéttbýli en lækkar hann í dreifibýli. Hætta er á að kostnaðarauki framleiðslufyrirtækja í þéttbýli sem nota mikla raforku muni fara út í verðlagið auk þess sem samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja er raskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason